

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 12. nóvember 2021
UST202110-260/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Þorbjörn- Grindavíkurbær

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Þorbjörn í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir útivistarsvæðið á og í kringum fellið Þorbjörn, þar sem megin markmið verkefnisins er að kortleggja núverandi stöðu og ákvarða staðsetningu útsýnispalls og áningarstaða. Lögð verður áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru. Innan þessa svæðis er einnig Selskógur, eitt af útivistarsvæðum Grindavíkinga í norðurhlíðum Þorbjarnar. Þar fara fram skemmtanir á vegum bæjarfélagsins auk þess sem skógurinn nýtist til gönguferða.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð segir að þetta útivistarsvæði er innan svæðis á náttúruminjaskrá þar sem það er hluti af Sundhnúksröðinni og Fagradal sem er tæplega 9 km löng gígaröð.

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá afmörkun svæða á náttúruminjaskrá á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands.¹ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan rýri ekki verndargildi svæðisins.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir: „104. Sundhnúksröðin og Fagradalur, Grindavík. (1) Sundhnúksgígaröðin öll, frá Melhól í vestur að hraunkantinum sunnan Þorbjarnarfells, með honum vestur og norður fyrir fellið, að háspennulínu sem er u.þ.b. 200 m vestan þjóðvegjar. Mörkin fylgja síðan línunni til norðurs að stað 2 km norðan Arnarseturs og þaðan austur í horn landamerkjálínu við norðausturhorn Litla-Skógfells, síðan beina línu sem hugsast dregin til norðausturs í Kálffell. Þaðan liggja mörkin í Fagradals-Vatnsfell og því næst um beina línu sem dregin er til suðvesturs um Fagradalsfjall, Sandhól, Vatnsheiði og að lokum í Melhól. (2) Tæplega 9 km löng gígaröð sem kennd er við Sundhnúk. Fallegar hrauntraðir í suðvesturhlíð Hagafells. Grindavíkurbær stendur á hrauni úr gígaröðinni. Fagradalur er grösugt dalverpi við norðvesturhorn Fagradalsfjalls. Söguminjar.“²

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>

Í greinargerð segir hins vegar að svæðið sem umræður á deiliskipulagi þessu er þó ekki á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er óljóst hvað er átt er við með þessari setningu.

Hraun

Í greinargerð segir að lögð verður áhersla á að umhverfisgæði svæðisins nýtist til útivistar og að fullt tillit verði tekið til ósnortinnar náttúru og tekur stofnunin undir þau markmið. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að tillagan og framkvæmdir raski ekki náttúrunni frekar og að náttúrugæði svæðisins séu endurheimt eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan svæðisins og umliggur fellið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Forsendur og ferðmenn

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Stígar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða yfirborðsefni verður notað í stígagerð, hvort og hvaða stígar verði með lýsingu og þá hverskonar lýsingu og hvað verður um aflagða slóða. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að allir útivistarstígar fylgi og falli vel að landi og öllu raski verði haldið í lágmarki.

Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um skógræktarsvæðið í tillögunni og afmarkað á uppdrætti.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á

umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógræktin rýri ekki verndargildi hrauna og náttúruminja og bendir stofnunin á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar.*“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur